

## Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í grunnskólanum á Þórshöfn þriðjudaginn 8. október 16:00

**Mættir:** Siggeir Stefánsson formaður, Hildur Stefánsdóttir, Svala Sævarsdóttir Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, Stefán Benjamínsson, María Guðmundsdóttir (í síma) og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Siggeir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Skýrsla skólastjóra grunnskóla Þórshafnar (GP)

- Ingveldur dreifði drögum að starfsmannahandbók GP sem hún er að vinna í þessa dagana. Mest að marka efnisyfirlitið. Þarna verður safnað saman á einn stað öllum verkferlum innan skólans. Mikilvægt fyrir starfsfólk skólans að geta stuðst við verkferla sem þessa og að þeir séu allir á einum stað.
- Mikla peninga er verið að leggja í sérkennslu GP í vetur og kemur það við sveitarfélagið fjárhagslega. Í vetur eru 3 sérkennarar sem starfa við skólann. Ingveldur dreifði starfslýsingu sérkennara GP en þetta er sá rammi sem þeir vinna eftir. Það fer mikil orka í að koma þessu af stað. Góður stuðningur fæst frá skólaþjónustunni vegna þessa. Búið að senda þessa starfslýsingu til tveggja námsvera og sérkennslukennara til yfirlestrar.
- ART er að verða komin í gang í öllum bekkjum skólans og gengur vel. Ákveðið vinnulag sem nemendur og kennarar skólans þurfa að taka tíma til að tileinka sér.
- Undirbúningur fyrir afmæli GP sem verður 19. október er í fullum gangi.
- Þessa dagana er mikið verið að ræða agamál innan skólans. Þar er mikilvægt að allir gangi í takt.
- Skólaþjónustan er búin að koma einu sinni og það var góð heimsókn. Þeir eru með mörg verkefni frá GP. Starfsmenn GP voru tímalega í því að senda gögn til skólaþjónustunnar í haust og þeir hafa því talsvert til að vinna úr.
- Siggeir kynnti ítrekunarbréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um umbótaáætlunina. Margt í þessari umbótaáætlun snýr beint að fræðslunefnd. Mikilvægt að svara því sem fyrst.

### 2. Skýrsla skólastjóra grunnskóla Bakkafjarðar (GB)

- Tónleikar í GB á fimmtudaginn n.k.
- Hildur Stefánsdóttir frá Laugaveildinni ætlar að koma fljótlega og kynna framhaldsdeildina á Þórshöfn.
- Elstu nemendurnir sem eru í Æskulýðsstarfi á Vopnafirði eru að fara á Landsmót æskulýðssamtaka 24. október
- Nóg að gera í vinnustofum. Nokkrir skólar hafa haft samband og vilja styðjast við þær. Kynning verður á vinnustofunum í Hagaskóla 8.-9. október n.k.
- Skólaþjónustan er búin að koma og er væntanlega fljótlega aftur.
- Stefnt á að fara með elstu nemendurna á framhaldsskólakynningu.
- Verið að keyra 4 nemendur til Þórshafnar í þrektíma í samráði við Þorstein íþróttakennara.
- Unglingarnir stýra leikjum í frímínútum fyrir krakkana og það gengur mjög vel.

## Tónlistarskóli

- Kadri og Ingveldur eru komnar með fastann fundartíma vikulega, þar sem þær fara yfir málefni tónlistarskólans.
- Ingveldur dreifði nemendalista og skóladagatali fyrir tónlistarskólann.
- Tónlistarbúðirnar eru komnar af stað og fyrirkomulagið á þeim var rætt.
- Tónfræðikennsla er farin af stað og gengur vel.
- Fram kom að tryggja þarf betra upplýsingaflæði úr tónlistarskólanum heim til nemenda til að veita aðhald í tónlistarnáminu.
- Námsmat í tónlistarskólanum var rætt og mikilvægi námsmats fyrir nemendur sem eru í tónlistarnámi.

### 3. Íbúafundur um skólastefnu Langanesbyggðar

Fundurinn verður haldinn þann 12. október n.k. Þar kom upp sú spurning hvort fræðslunefnd ætti að sitja almenna fundinn eða ekki. Ákveðið að kalla eftir upplýsingum um það frá Ingvari á hvorn fundinn fræðslunefndin á að mæta og þær upplýsingar verða sendar á fræðslunefndina.

### 4. Afmæli Grunnskóla Þórshafnar

Ingveldur fór aðeins yfir þann undirbúning sem er í gangi vegna afmælisins. Afmælisdagurinn er skóladagur og skyldumæting hjá nemendum. Halldóra kynnti að það er hópur sem starfar að undirbúningi fyrir afmælið. Halldóra hvatti fundarmenn til að koma gömlum ljósmyndum úr skólastarfinu til Grétu Bergrúnar en hún er að safna þeim saman. Krakkar í öllum bekkjadeildum GP eru að vinna á fullu við að undirbúa daginn. Undirbúningur er því kominn vel af stað og gengur vel.

Fleira ekki gert

Fundi slitið 16:55